

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 107/2009

2011/EES/10/16

frá 4. febrúar 2009

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB um kröfur varðandi vishönnun á einföldum aðgangskössum (set-top boxes) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 um ramma til að setja fram kröfur varðandi vishönnun að því er varðar vörur sem nota orku og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/42/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB ⁽¹⁾, einkum 1 mgr. 15. gr.,

að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um vishönnun,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmttilskipun2005/32/EBskal framkvæmdastjórnin setja fram kröfur varðandi vishönnun, að því er varðar vörur sem nota orku og eru umtalsverður hluti sölu og viðskipta, hafa veruleg umhverfisáhrif og búa yfir miklum möguleikum til umbóta, að því er varðar umhverfisáhrif þeirra án þess að umbótunum fylgi óhóflegur kostnaður.
- 2) Í fyrsta undirlið 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2005/32/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 19. gr. og viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2. mgr. 15. gr. og að höfðu samráði á samráðsvettvanginum um vishönnun, innleiða framkvæmdarráðstafanir, eftir því sem við á, sem beinast að rafeindabúnaði fyrir neytendur.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur látið fara fram undirbúningsrannsókn þar sem tækni-, umhverfis- og efnahagsgreining var gerð á einföldum aðgangskössum. Rannsóknin var þróuð ásamt hagsmunaaðilum og hlutaðeigandi aðilum frá ESB og þriðju löndum og hafa niðurstöðurnar verið gerðar aðgengilegar öllum.
- 4) Fram kemur í undirbúningsrannsókn að fjöldi einfaldra aðgangskassa sem settir eru á markað í Bandalaginu muni aukast úr 28 milljónum árið 2008 í 56 milljónir árið 2014 og að árleg raforkunotkun einfaldra aðgangskassa muni aukast úr 6 TWh árið 2010 í 14 TWh árið 2014, en að hægt sé að draga verulega úr raforkunotkun einfaldra aðgangskassa á kostnaðarhagkvæman hátt.

5) Hægt er að draga úr raforkunotkun einfaldra aðgangskassa með því að nýta fyrirbyggjandi hönnunarlausnir, sem eru óháðar einkaleyfi, sem þrátt fyrir kostnaðarhagkvæmni eru ekki settar á markað með fullnægjandi hætti, þar sem endanlegum notendum er ekki kunnugt um rekstrarkostnað einfaldra aðgangskassa, og þ.a.l. fá framleiðendur ekki hvatningu til að samþætta slíkar lausnir til að draga úr aflþörf þeirra við notkun.

6) Kröfur varðandi vishönnun með tilliti til aflþarfar einfaldra aðgangskassa skulu settar fram með það í huga að samræma slíkar kröfur fyrir þennan búnað í gervöllu Bandalaginu og styðja starfsemi innri markaðarins og stuðla að umbótum á vistvænleika þessa búnaðar.

7) Reglugerð þessari er ætlað að auka útbreiðslu á markaði á tækni sem bætir orkunýtni einfaldra aðgangskassa og leiðir þar með til árlegs, áætlaðs orkusparnaðar sem nemur 9 TWh árið 2014, miðað við óbreyttar aðstæður.

8) Kröfur varðandi vishönnun skulu ekki hafa neikvæð áhrif á virkni vöru og skulu ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði, öryggi og umhverfi.

9) Með því að láta kröfur varðandi vishönnun taka gildi í áföngum ætti framleiðendum að vera kleift að endurhanna vörur innan viðeigandi tímaramma. Tímasetning áfanganna skal ákvörðuð þannig að unnt sé að forðast neikvæð áhrif á virkni búnaðar, sem er á markaði, og að tekið sé tillit til kostnaðaráhrifa á framleiðendur, einkum á lítil og meðalstór fyrirtæki, en jafnframt tryggja að stefnumið náist tímanlega.

10) Mælingar á aflþörf skulu gerðar með tilliti til almennt viðurkenndrar nýjustu og fullkomnustu tækni og geta framleiðendur beitt samhæfðum stöðlum í samræmi við 9. gr. tilskipunar 2005/32/EB.

11) Kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skulu ganga framur þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2008 um framkvæmd tilskipunar 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi vishönnun raf- og rafeindatækja til heimilis- og skrifstofunota með tilliti til raforkunotkunar þeirra í reiðuham eða þegar slökkt er á þeim ⁽²⁾.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 36, 5.2.2009, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2011 frá 11. febrúar 2011 um breytingu á IV viðauka (Orka) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 45.

- 12) Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2005/32/EB skal í þessari reglugerð tilgreina að gildandi aðferðir við samræmismat eru innra hönnunareftirlit, sem sett er fram í IV. viðauka við tilskipun 2005/32/EB, og stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.
- 13) Til að auðvelda eftirlit með því að farið sé að kröfum skal þess krafist af framleiðendum að þeir veiti upplýsingarnar sem tilgreindar eru í tækniskjölunum, sem um getur í IV. og V. viðauka við tilskipun 2005/32/EB, að því marki sem þær tengjast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari framkvæmdarráðstöfun.
- 14) Setja skal viðmiðanir fyrir einfalda aðgangskassa sem nú eru fánlegir og hafa litla aflþörf. Ef neytendur hefðu aðgang að einföldum aðgangskössum með „núll vatta ham“ gæti það orðið til þess að þeir breyti hegðun sinni og ákveði að draga úr óþarfa orkutapi. Viðmiðanir hjálpa til við að tryggja mikið framboð og greiðan aðgang að upplýsingum, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og mjög lítil fyrirtæki, sem auðveldar enn frekar samþættingu bestu hönnunartækni til að draga úr orkunotkun einfaldra aðgangskassa.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 2005/32/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Með þessari reglugerð eru settar kröfur varðandi vishönnun á einföldum aðgangskössum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda þær skilgreiningar sem settar eru fram í tilskipun 2005/32/EB. Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. „Einfaldur aðgangskassi“: sjálfstæður búnaður sem, óháð skilfleti,
 - a) hefur fyrst og fremst það hlutverk að breyta gjaldfrjálsum stafrænum útvarpsmerkjum í hefðbundinni upplausn (SD) eða háskerpuupplausn (HD) í hliðræn útvarpsmerki fyrir hliðræn sjónvarps- eða útvarpstæki,
 - b) er ekki búinn aðgerð sem veitir „skilyrtan aðgang“,

- c) er ekki búinn aðgerð fyrir upptöku sem byggist á lausum geymslumiðli á stöðluðu safnsniði (standard library format).

Einfaldur aðgangskassi getur verið búinn eftirfarandi viðbótaraðgerðum og/eða -ihlutum sem ekki teljast til lágmarksforskrifta fyrir einfaldan aðgangskassa:

- a) aðgerðum fyrir tímahliðrun og upptöku með því að nota innbyggðan harðan disk,
 - b) breytingu á móttæknu útvarpsmerki í háskerpuupplausn yfir í myndmerkisfrálag í háskerpuupplausn eða hefðbundinni upplausn,
 - c) öðrum rásveljara.
2. „Reiðuhumur“: ástand þar sem búnaður er tengdur rafkerfinu, er háður raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað eins og til er ætlast og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið:
 - a) endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaðgerð sé virk og/eða
 - b) birtingu upplýsinga eða stöðu.
 3. „Endurvirkjunaraðgerð“: aðgerð sem gerir kleift að virkja aðra hami, þ.m.t. virkur hamur, með fjarstýrðum rofa, þ.m.t. fjarstýring, innbyggður nemi eða tímamælir, í því skyni að gera viðbótaraðgerðir mögulegar, þ.m.t. meginaðgerð.
 4. „Birting upplýsinga eða stöðu“: sívirk aðgerð sem gefur upplýsingar um eða sýnir stöðu búnaðar á skjá, þ.m.t. klukkur.
 5. „Virkur hamur“: ástand þar sem búnaðurinn er tengdur rafkerfinu og a.m.k. ein meginaðgerðanna, sem hlutverk búnaðarins felur í sér, hefur verið gerð virk.
 6. „Sjálfvirk skipting í aflminni ham“: aðgerð sem breytir virkum ham einfalds aðgangskassa í reiðuham eftir tiltekinn tíma í virkum ham frá síðustu aðgerð notanda og/eða frá því að skipt var um rás.
 7. „Annar rásveljari“: hluti af einföldum aðgangskassa sem tiltækur er fyrir aðskilda upptöku á sama tíma og hægt er að horfa á annan dagskrárlið.
 8. „Skilyrtur aðgangur“: útvarpsþjónusta sem þjónustuveitandi stjórnar og krefst þess að keypt sé áskrift að sjónvarpsþjónustu á markaði.

3. gr.

Kröfur varðandi vishönnun

Kröfurnar varðandi vishönnun einfaldrar aðgangskassa eru settar fram í I. viðauka.

4. gr.

Tengsl við reglugerð (EB) nr. 1275/2008

Kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skulu ganga framur þeim kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1275/2008.

5. gr.

Samræmismat

Aðferðin við samræmismat sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2005/32/EB skal vera innra hönnunareftirlitskerfið, sem sett er fram í IV. viðauka við þá tilskipun, eða stjórnunarkerfið, sem sett er fram í V. viðauka við þá tilskipun.

6. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Eftirlit skal fara fram í samræmi við sannprófunaraðferðina sem sett er fram í II. viðauka.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2009.

7. gr.

Viðmiðanir

Leiðbeinandi viðmiðanir fyrir vistvænustu vörurnar og tæknina á markaði eru tilgreindar í III. viðauka.

8. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku hennar og kynna niðurstöður þeirrar endurskoðunar á samráðsvettvanginum.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. liðar í I. viðauka taka gildi einu ári eftir dagsetninguna sem um getur í 1. mgr.

Ákvæði 2. liðar í I. viðauka taka gildi þremur árum eftir dagsetninguna sem um getur í 1. mgr.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Andris PIEBALGS

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Kröfur varðandi vishönnun

1. Einu ári eftir að þessi reglugerð öðlast gildi skulu einfaldir aðgangskassar, sem settir eru á markað, ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk aflþarfar; einfaldir aðgangskassar með innbyggðum hörðum diskum og/eða öðrum rásvéljara eru undanþegnir þeirri kröfu:

	Reiðuhumur	Virkur hamur
Einfaldur aðgangskassi	1,00 W	5,00 W
Frávik fyrir birtingu á skjá sem gefur til kynna reiðuham (display function)	+1,00 W	—
Frávik fyrir afkóðun háskerpumerkja	—	+3,00 W

2. Premur árum eftir að þessi reglugerð öðlast gildi skulu einfaldir aðgangskassar, sem settir eru á markað, ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk aflþarfar:

	Reiðuhumur	Virkur hamur
Einfaldur aðgangskassi	0,50 W	5,00 W
Frávik fyrir birtingu á skjá sem gefur til kynna reiðuham (display function)	+0,50 W	—
Frávik fyrir harðan disk	—	+6,00 W
Frávik fyrir annan rásvéljara	—	+1,00 W
Frávik fyrir afkóðun háskerpumerkja	—	+1,00 W

3. **Reiðuhumur sem innbyggður möguleiki**

Einu ári eftir að þessi reglugerð hefur öðlast gildi skulu einfaldir aðgangskassar hafa yfir að ráða reiðuham.

4. **Sjálfvirk skipting í aflminni ham**

Einu ári eftir að þessi framkvæmdarráðstöfun hefur tekið gildi skulu einfaldir aðgangskassar búnir „sjálfvirkri skiptingu í aflminni ham“ eða sambærilegri aðgerð sem hefur eftirfarandi eiginleika:

- Einfaldi aðgangskassinn skiptir sjálfkrafa úr virkum ham í reiðuham eftir að virkur hamur hefur varað skemur en þrjár klukkustundir frá síðustu aðgerð notanda og/eða frá því að skipt var um rás og gefa frá sér viðvörunarmerki tveimur mínútum áður en hann fer í reiðuham.
- Aðgerðin „sjálfvirk skipting í aflminni ham“ skal vera sjálfgefin stilling.

5. **Mælingar**

Aflþörfin, sem um getur í 1. og 2. lið, skal ákvörðuð með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndrar nýjustu og fullkomnustu tækni.

Mælingar á afli sem er 0,50 W eða meira skulu gerðar með óvissu sem er 2% eða minni við 95% öryggisstig. Mælingar á afli, sem er minna en 0,50 W, skulu gerðar með óvissu sem er 0,01 W eða minni við 95% öryggisstig.

6. Upplýsingar sem framleiðendur skulu veita vegna samræmismats

Að því er varðar samræmismat skv. 5. gr. skulu tækniskjölin innihalda eftirfarandi þætti:

a) *Að því er varðar reiðuham og virkan ham*

- Gögn um aflþörf í vöttum með tveimur aukastöfum, þ.m.t. gögn um aflþörf viðbótaraðgerða og/eða ihluta
- Mælingaraðferðina sem var notuð
- Tímabil mælingar
- Lýsingu á því hvernig hamur tækisins var valinn eða forritaður
- Röð atburða þar til búnaðurinn skiptir sjálfkrafa úr einum ham í annan
- Hugsanlegar athugasemdir varðandi notkun búnaðarins

b) *Prófunarþættir fyrir mælingarnar*

- Umhverfshiti
- Prófunarspenna í V og tíðni í Hz
- Heildaryfirsveiflujögun rafveitukerfisins
- Sveifla í spennu aflgjafa á meðan á prófun stendur
- Upplýsingar og gögn um tækjabúnað, uppsetningu og straumrásir notaðar við rafmagnsprófun
- Ílagsmerki á útvarpstíðni (fyrir stafrænar útsendingar á jörðu niðri) eða á millitíðni (fyrir útsendingar um gervihnött)
- Prófunarmerki fyrir hljóð/mynd eins og lýst er í MPEG2-staðlinum fyrir streymi
- Stilling stjórnækja

Ekki er nauðsynlegt að gefa upp í tækniskjölunum aflþörf jaðarbúnaðar til móttöku útsendinga sem knúinn er af aðgangskassanum, s.s. virkra loftneta á jörðu niðri, LNB-nema fyrir gervihnattasendingar eða kapal- eða símamótalds.

7. Upplýsingar sem framleiðendur skulu veita til að upplýsa neytendur

Framleiðendur skulu tryggja að neytendur fái upplýsingar um aflþörf einfaldra aðgangskassa í reiðuham og virkum ham sem gefin er upp í vöttum með einum aukastaf.

*II. VIÐAUKI***Sannprófunaraðferð**

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/32/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar gildandi kröfur sem settar eru fram í 1., 2. og 4. lið í I. viðauka, eftir því sem við á.

Að því er varðar aflþörf sem er yfir 1,00 W:

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu.

Tegundin skal teljast uppfylla ákvæði 1. og 2. liðar I. viðauka við þessa reglugerð, eftir því sem við á, ef niðurstöður fyrir virkan ham og reiðuham fara ekki meira en 10% yfir viðmiðunarmörkin.

Að öðrum kosti skulu þrjár einingar til viðbótar prófaðar. Tegundin skal teljast uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar ef meðaltal niðurstaðna úr þremur síðari prófununum í virkum ham og reiðuham, eftir því sem við á, fer ekki meira en 10% yfir viðmiðunarmörkin.

Að því er varðar aflþörf sem er 1,00 W eða minni:

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu.

Tegundin skal teljast uppfylla ákvæði 1. og 2. liðar I. viðauka við þessa reglugerð, eftir því sem við á, ef niðurstöður fyrir virkan ham og reiðuham fara ekki meira en 0,10 W yfir viðmiðunarmörkin.

Að öðrum kosti skulu þrjár einingar til viðbótar prófaðar. Tegundin skal teljast uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar ef meðaltal niðurstaðna úr þremur síðari prófununum í virkum ham og/eða reiðuham, eftir því sem við á, fer ekki meira en 0,10 W yfir viðmiðunarmörkin.

Að öðrum kosti telst eintakið ekki uppfylla kröfurnar.

*III. VIÐAUKI***Viðmiðanir**

Eftirfarandi leiðbeinandi viðmiðanir eru tilgreindar skv. 2. lið 3. hluta I. viðauka við tilskipun 2005/32/EB. Þær eiga við bestu, fánlegu tæknina á þeim degi er reglugerð þessi er samþykkt.

Einfaldur aðgangskassi án viðbótaraðgerða:

- Virkur hamur: 4,00 W
- Reiðuhumur án birtingar á skjá: 0,25 W
- Þegar slökkt er: 0 W

Einfaldur aðgangskassi með innbyggðum hörðum disk:

- Virkur hamur: 10,00 W
- Reiðuhumur án birtingar á skjá: 0,25 W
- Þegar slökkt er: 0 W

Viðmiðanirnar hér að ofan eru ákvarðaðar á grundvelli einfalds aðgangskassa með grunnuppsetningu, sjálfvirka skiptingu í aflminni ham og straumrofa.
